

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Hallstún, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9. september 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir Hallstún, L190888. Gert er ráð fyrir 8 nýjum frístundalóðum til viðbótar þeim sem fyrir eru og er það í samræmi við skilmála í aðalskipulagi fyrir svæðið. Aðkoman að lóðunum er um Ölversholtsveg frá Landvegi (26). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Minni-Vellir 5, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9. september 2021 tillögu að deiliskipulagi fyrir Minni-Velli 5. Gert verði ráð fyrir byggingu allt að 300 m² íbúðarhúss og 600 m² skemmu með mögulegu hesthúsi að hluta ásamt gestahúsi og útihúsum. Aðkoman er frá Landvegi (26). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 12. október 2021.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. október 2021